


Norræn vefjarlist á Kjarvalsstöðum

SÝNINGIN Norræn vefjarlist II verður opnuð á Kjarvalsstöðum á laugardaginn kemur. Þetta er í annað sinn sem slík sýning er sett upp hér á landi, fyrri sýningin var einnig á Kjarvalsstöðum fyrir þremur árum, í janúar og febrúar 1977.

Sýningin er ávöxtur samstarfs vefara og textilhönnuða á Norðurlöndunum. Árið 1974 kom saman vinnuhópur veflistarmanna í Danmörku til þess að leggja drög að umfangsmikilli sýningu sem gæfi hugmynd um það sem væri að gerast í vefjarlist á Norðurlöndunum. Áður höfðu veflistarmenn haldið sjálfstæðar sýningar í heimalöndum sínum og einstaka vefarar tekið þátt í samsýningum annarra myndlistarmanna, ennfremur höfðu norrænir vefarar vakið athygli á alþjóðlegum vefjarlistsýningum — en nú skyldi með sameiginlegu átaki vinna vefjarlistinni fastari sess í vitund fólks sem sjálfstæðri listgrein.

Eftir mikla undirbúningsvinnu var fyrsta Norræna vefjarlistsýningin opnuð í Listasafninu í Álaborg 1976, sem síðan fór um öll Norðurlönd og hlaut hvarvetna mikla aðsókn og lofsamlega dóma gesta og gagnrýnenda.

Í upphafi var ákveðið að stefna að því að koma upp slíkri sýningu þriðja hvert ár og var önnur sýningin opnuð í Röhsska-listiðnaðarsafninu í



Ragna Róbertsdóttir við verk sitt „Kirkjugarðinn“ á norrænu vefjarlistsýningunni, sem verður opnuð á Kjarvalsstöðum á laugardag. Ljós. Ól.K.M.



Þorbjörg Þórðardóttir við verk sitt „Skyggni ágætt“ á sýningunni á Kjarvalsstöðum. Ljós. Mbl. Ól.K.M.

Gautaborg í fyrirasumar. Þá var sá háttur hafður á, að skipuð var dómnefnd í hverju landi, sem valdi síðan verkin á sýninguna. Í íslensku dómnefndinni voru Hrafnhildur Schram, Hörður Ágústsson og Magnús Pálsson. Alls bárust 29 íslensk verk og voru átta þeirra valin til sýningar. eru þau eftir listamennina Guðrúnu Auðunsdóttur, Ásgerði Búadóttur, sem á tvö verk, Gerlu Geirsdóttur, Hildi Hákonardóttur, Rögnu Róbertsdóttur, Þorbjörgu Þórðardóttur og Guðrúnu Þorkelsdóttur.

Sýningin hefur nú farið um öll Norðurlöndin og lýkur ferðinni hér á Kjarvalsstöðum. Á sýningunni eru 93 listaverk eftir 87 listamenn frá öllum Norðurlöndunum, að Færejum meðtöldum. Sýningin er sölusýning, en þegar

hafa mörg verkanna selst. Fyllir sýningin báða sali Kjarvalsstaða og alla ganga, og þar kennir margra grasa, þ.á.m. er myndvefnaður, textilþrykk, batik, ísaumur, rýavefnaður, ofinn skulptúr og ýmis blönduð tækni.

Að undirbúningi og uppsetningu sýningarinnar hafa annast þær Ásgerður Búadóttir, Ásrún Kristjánsdóttir, Guðrún Gunnarsdóttir, Ragna Róbertsdóttir, Þorbjörg Þórðardóttir og þeir Guðmundur Benediktsson og Stefán Halldórsson.

Sýningin verður opnuð kl. 14.00 laugardaginn 12. apríl. Við það tækifæri flytur Árni Gunnarsson, formaður Menningar-málanefndar Norðurlandaráðs, Ingvar og menntamálaráðherra Ágvar Gíslason opnar síðan sýninguna.



Stærsta verkið á norrænu vefjarlistsýningunni sem verður opnuð á Kjarvalsstöðum á laugardag er þetta verk finnsku listakonunnar Yosi Lengy. Verkið er 13 metrar að lengd, er batik og nefnist „Í virðingarskyni við Níger“. Litli hnokkinn sem situr á verkinu gefur til kynna stærðarhlutföllin. Ljós. Mbl. Ól.K.M.

Höfn:

Hafist handa við fyrsta áfanga fjarvarmaveitu

Höfn Hornafirði, 1. apríl. SAMKVÆMT upp lýsingum Þorsteins Þorsteinssonar, formanns hitaveitunefndar Hafnarhrepps, þá stendur yfir vinna við fyrsta áfanga fjarvarmaveitu og er það lögn frá myndistöðinni inn í miðjan eldrihluta bæjarins, ásamt dreifikerfi að hverju húsi á þessu svæði.

Þessum áfanga er fyrirhugað að ljúka 1. júlí n.k. Í apríl og maí er áformað að bjóða út annan og þriðja áfanga. Annar áfangi tekur yfir svæðið frá Bogaslóð að Víkurbraut og þriðji áfangi verður svo lagður inn að Víkurbraut í þann hluta

bæjarins, sem ekki er rafhitaður, ásamt nýja hverfinu innst í bænum.

Bygging kyndistöðvar er komin vel af stað og er stefnt að því að setja hana í gagn í haust. Áætlaður kostnaður vegna dreifikerfis hitaveitunnar var um 500 milljónir króna í marz 1979. Áætlanir gera ráð fyrir að orkukostnaður verði um 90% af rafhitunartaxta og heimtaugargjöld sambærileg við það sem gerist hjá öðrum nýlegum hitaveitum, eða um 6—700 þúsund krónur á hvert íbúðarhús miðað við verðlag í dag og er gert ráð fyrir því að það greiðist í þrennu lagi innan tveggja ára.

Síðan sagði Þorsteinn að fyrst um sinn notaði kyndistöðin afgangsorku frá dásiltstöðinni og í því sambandi mætti nefna dæmi um þá orku sem færi forgörðum miðað við olíunotkun sl. ár og verðlag í dag.

Væri þarna um að ræða orku fyrir um 200 milljónir króna, sem færi út í veður og vind. Að lokum sagði Þorsteinn að Hornfirðingar gerðu sér miklar vonir með að tengjast landskerfinu svo fljótt sem mögulegt væri til þess að losna sem fyrst við raforkuframléiðslu með dísilvélum.

— Einar

Discótek og lifandi músík á fjórum hæðum...

Clubburinn

Fimmtudagur takk...

Opíð á öllum hæðum hjá okkur í kvöld. Enda veitir ekki af — Allir þrælhressir eftir gott páskafrí og tilbúnir í fjörið á nýjan leik. Já, og svo eru skólarnir ekki byrjaðir.

Hljómsveitin Goðgá sér um lifandi músík á fjórðu hæð.



Að venju fáum við Móðelsamtökin í heimsókn með frábæra tiskusýningu. Móðelsamtökin bregðast aldrei.

Athugið Ljósmyndafyrirsetur á aldrinum 18—25 ára verða valdar úr hópi gesta. 10—12 stúlkur fá ferðaverðlaun, Útsýnarferð.

Munið svo að koma í betri gallanum og hafið með ykkur nafnskirteini — Klossar ganga ekki hjá okkur



Í kvöld er það

KARON

Á fimmtudagskvöldum er orðin hefð að fólk fari á góðar-tiskusýningar.

Í kvöld eins og alltaf á fimmtudögum koma hin frábæru Karon sýningar-samtök og sýna fatnað frá Verzl. Dalbæ og Kapellu, Kjörgarði. Sýningin hefst kl. 11.15.



Þorgeir Ástvaldsson mætir svo á svæðið í kvöld og velur vinsældarlistann með aðstoð gesta af sinni alkunnu snilld.



Komið hress í bragði í

HOLLYWOOD